

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: http://lagabirting.is
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 162 96. ár

Föstudaginn 12. desember 2003

Stefnur

Dómstjórinn í héraðsdómi Reykjaness, Ólöf Pétursdóttir

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Sveinbjörn Sveinbjörnsson hdl., kt. 051052-2349, Hamraborg 10, Kópavogi, að hann þurfi fyrir hönd Hafðísar Þorvaldsdóttur, kt. 110657-7149, Álfaborgum 27, Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjaness til ógildingar á veðskuldabréfi, tryggðu með veði í fasteigninni Andvaravöllum 3, Garðabæ.

Fyrirvar: Sveinbjörn Sveinbjörnsson hdl. fer með málið fyrir hönd stefnanda.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi, veðskuldabréf, útgefið af Hafðísi Þorvaldsdóttur, til Matthildar Þuríðardóttur, kt. 201270-2949, Klukkurima 21, Reykjavík, þann 22. janúar 2001, að fjárhæð 1.000.000 kr. Veðskuldabréfið var vísitölutryggt miðað við vísitölu neysluverðs 200,4. Skuldabréfið átti að greiða með 10 afborgunum á 6 mánaða fresti, fyrsti gjalddagi var 2. febrúar 2001. Veðskuldabréfið var tryggt með 5. veðrétti í fasteigninni Andvaravöllum 3, Garðabæ.

Málsástæður og lagarök: Stefnandi kveður framangreint veðskuldabréf að fullu greitt, en frumrit þess hafi glatast og ekki fundist þrátt fyrir ítrekaða leit og eftirgrennsan og hvíli því enn á fasteigninni Andvaravöllum 3, Garðabæ. Stefnanda er því nauðsynlegt að fá veðskuldabréfið ógilt með dómi, svo unnt sé að aflýsa því af fasteigninni.

Lagarök: Stefnandi vísar til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 til stuðnings kröfu sinni.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram:

- stefnu þessa
- afrit veðskuldabréfs
- þinglýsingarvottorð
- Lögbirtingablað það, sem stefnan er birt í.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að hafa með höndum framangreint veðskuldabréf í fórum sínum, eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjaness, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 1, að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, þann 14. janúar 2004, kl. 9.00, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til veðskuldabréfsins og leggja fram gögn af sinni hálfu en ella má við því búast að útvistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu bréfsins verði teknar til greina.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Héraðsdómi Reykjaness,
3. desember 2003.
Ólöf Pétursdóttir.

(14656)

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Landsbanki Íslands hf. (0151), kt. 710169-3819, 801 Selfoss (dreifbýli).

Stefndi: Jóhann Björn Guðmundsson, kt. 241160-7699, óstaðsettur í hús, 800 Selfoss.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður,

Auglýsing

um breytingu á deiliskipulagi í Eyjafjarðarsveit

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi tveggja samlægra byggingarsvæða í landi Brúarlands og Leifsstaða. Breytingin felst í eftirfarandi:

Í landi Brúarlands:

- Bætt er við tveimur íbúðarhúsalóðum, sem fá götunúmerin 9 og 10 við Brúnahlíð og gatan er framlengd til norðurs.
- Vesturmörk lóðar nr. 30 í Leifsstaðalandi eru færð til austurs og vesturmörk lóðar færast inn í land Brúarlands. Byggingarreiturinn færist jafnframt til austurs.
- Rotþró er færð úr landi Brúarlands vestur fyrir lóð nr. 30 í landi Leifsstaða.
- Efri íbúðargatan er sveigð lengra til suðurs.
- Smávægileg breyting er gerð á lóðarmörkum milli lóða nr. 1 og 2 og stærðartölur lóða nr. 7 og 8 eru leiðréttar.

Í landi Leifsstaða:

- Breyting er gerð á mörkum lóðar nr. 30 sbr. lið 2 hér að framan.
- Rotþró er færð inn í land Leifsstaða sbr. lið 3 hér að framan.
- Stærðartölur lóða nr. 28a og 29 eru leiðréttar.

Tillaga þessi, sem auglýst er með vísan til 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, verður til sýnis á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar að Syðra-Laugalandi frá og með 12. desember 2003 til og með 9. janúar 2004. Þeir, sem vilja gera athugasemd við tillöguna skulu gera það með skriflegum hætti eigi síðar en 23. janúar 2004. Hver sá, sem ekki gerir athugasemd við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

14782)

Nauðungarsölur

Stykkishólmur

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Borgarbraut 2, Stykkishólmi, fimmtudaginn 15. janúar 2004 kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Arnarbær, veitingahús, Snæfellsbæ	Ferðaðþjónustan Snjófell ehf.	Byggðastofnun	1.575.692
Arnarfell, 50%, Snæfellsbæ	Ferðaðþjónustan Snjófell ehf.	Byggðastofnun	1.575.692
Austurgata 6	Bergsveinn Gestsson	Íbúðalánasjóður og Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	249.401
Áskinn 1	Ingveldur Ingólfsdóttir	Íbúðalánasjóður, Lífeyrissjóður sjómanna og Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	226.366
Bjarnarfoss, Snæfellsbæ	Sigríður Gísladóttir og Sigurður Vigfússon	Lífeyrissjóður Vesturlands	126.452
Bliki SH-130 sknr. 7202	Útgerðarfélagið Komma ehf.	Landsbanki Íslands hf., höfuðst.	4.347.698

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Frúarstígur 1 14790)	Fimm fiskar ehf.	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	111.273
Grundarbraut 24, Snæfellsbæ 14791)	Aron Karl Bergþórsson og Kristín Björk Karlsdóttir	Íbúðalánasjóður	66.045
Grundargata 21, Grundarfirði 14792)	Trausti G. Björgvinsson	Innheimtumaður ríkissjóðs	38.405
Grundargata 45, 0101, Grundarfirði 14793)	Emil Sigurðsson	Sameinaði lífeyrissjóðurinn	3.539.915
Hagi, hluti, Snæfellsbæ 14794)	Friðrik Þór Friðriksson	Tollstjóraembættið	4.020.600
Háarif 13, 0201, Snæfellsbæ 14795)	Jónína Vigfúsdóttir	Íbúðalánasjóður	62.690
Hellisbraut 5, Snæfellsbæ 14796)	Andrea Marta Vigfúsdóttir	Íbúðalánasjóður	151.228
Helluhóll 10, Snæfellsbæ 14797)	Signý Rut Friðjónsdóttir	Íbúðalánasjóður	355.906
Hjarðartún 2, Snæfellsbæ 14798)	Stefán Birgir Birgisson	Íbúðalánasjóður	177.678
Hlíðarvegur 13, Grundarfjarðarbæ 14799)	Magnús Óskarsson	Landssími Íslands hf., innheimta	77.674
Hraunprýði, Snæfellsbæ 14800)	Benedikt Sveinbjörnsson	Íbúðalánasjóður	140.018
Jarlinn sknr. 6897 14801)	Hólmur hf.	Byggðastofnun	4.592.941
Kristjana SH-235 14802)	Útgerðarfélagið Víglundur ehf.	Innheimtumaður ríkissjóðs	307.040
Naustabúð 8, Snæfellsbæ 14803)	Dís Aðalsteinsdóttir	Íbúðalánasjóður	154.006
Skólabraut 4, Snæfellsbæ 14804)	Aðalheiður Másdóttir og Sölvi Guðmundsson	Innheimtumaður ríkissjóðs og Ker hf.	162.400
Skólabraut 8, Snæfellsbæ 14805)	Rakel Dögg Þorvarðar-dóttir og Vífill Þór Marinósson	Kreditkort hf., Ríkisútvarpið og Vátryggingafélag Íslands hf.	261.740
Skólastígur 5 14806)	Hans Kristján Guðmunds-son og Guðbergur Grétar Birkisson	Íbúðalánasjóður	97.052
Snoppuvegur 1, 0106, Snæfellsbæ 14807)	Breiði ehf.	Byko hf.	768.842
Stekkjarholt 6, Snæfellsbæ 14808)	Aðalsteinn Kristófersson og Unnur Emanúelsdóttir	Ingvar Helgason hf.	656.199
Sundabakki 14 14809)	Guðþór Sverrisson	Landssími Íslands hf., innheimta	162.938
Sæbliki SH-235, sknr. 2238 14810)	Útgerðarfélagið Víglundur ehf.	Innheimtumaður ríkissjóðs	41.713
Sæból 13, Grundarfirði 14811)	Halla Elimarsdóttir	Íbúðalánasjóður	278.534
Sæból 41, Grundarfirði 14812)	Svanur Tryggvason	Lífeyrissjóður sjómanna	283.510

Ólafur Björnsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: að greiða stefnanda skuld að fjár-hæð kr. 241.771, ásamt dráttarvöxtum sam-kvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 241.771 frá 16. október 2003 til greiðsludags. Komi ekki til munnlegs málflutnings í máli þessu er krafist málskostnaðar í samræmi við framlagðan málskostnaðarreikning, þannig að stefnandi komist skaðlaus frá málarekstrinum. Verði málið munnlega flutt þá er krafist máls-kostnaðar samkvæmt mati dómsins, en máls-kostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á yfirliti yfir tékkareikning.

Nr. 1.	Útgáfudagur 27. nóv. 1996	1. vaxtadagur 16. okt. 2003	Fjárhæð 241.771
--------	---------------------------	-----------------------------	-----------------

Stefnandi máls þessa, Landsbanki Íslands hf., býður upp á ýmiss konar bankþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki, en bankinn rekur útibú um land allt. Skuld þessi er komin til vegna ógreiddrar yfirdráttarheimildar, er stefndi átti á tékkareikningi sínum nr. 5 hjá stefnanda, útibúi nr. 151, Reykholti. Þann 16. október 2003 var staðan á umræddum reikningi neikvæð að fjár-hæð kr. 241.771 sem er stefnufjárhæð máls þessa. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Krafa um málskostnað byggir á málskostn-aðarreikningi, sem lagður verður fram við þing-festingu máls þessa, sem er í samræmi við vinnu við heimtu framangreindrar aðalkröfu. Um er að ræða fjárhæð sem gerir stefnanda skaðlausan af því að þurfa að standa í málarekstrinum.

Stefndi er skv. upplýsingum þjóðskrár óstað-settur í hús á Selfossi og dvalarstaður hans er óþekktur og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Vísað er til meginreglna samningsréttarins um skuldbindingagildi lof-orða og skyldu til að efna samninga, en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefn-andi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyld-ur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnar-þing vísast til 36. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

- 1. Yfirlit yfir tékkareikning.
- 2. Innheimtubréf.
- 3. Lögbirtingablað.
- 4. Málskostnaðarreikning.

Áskorun og viðvörn: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Suðurlands, á dómþingi sem haldið verður að Austurvegi 4, Selfossi, þann 21. janúar 2004, kl. 14.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnu-kröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Selfossi, 14. nóvember 2003.
F.h. stefnanda,
Christiane L. Bahner hdl.,
f.h. Ólafs Björnssonar hrl.

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands vestra 24. nóvember 2003 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreind-ur við nafn búsins.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Sandur & Stál ehf., kt. 441099-2239, lögheimili, Suðurgata 18, Sauðárkróki, aðsetur, Tjarnarból 4, Seltjarnarnesi	25. júlí 2003	fimmtudaginn 26. febr. 2004 kl. 15.00

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Húnabraut 19, 540 Blönduósi.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Húnabraut 19, Blönduósi, á ofangreindum tíma.

Skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúið mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir skiptafund.

Blönduósi, 26. nóvember 2003.
Stefán Ólafsson hdl.

(14442 a

Stjórn Sölku-Fiskmiðlunar hf., kt. 510987-1529, Ráðhúsi, 620 Dalvík, hefur borist beiðni um að eftirfarandi hlutabréf í félaginu verði ógilt með vísan til 27. gr. laga nr. 2/1995 um hluta-félög.

Nafn:	Nr. hlutabréfs:	Nafnv. kr:	Úgáfud.:
Baldvin Þorvaldsson	73	6.500	16. sept. 1998
Daníel Þór Hilmarsson db.	187	68.750	7. des. 1999

Á grundvelli 7. mgr. 27. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög skorar stjórn Sölku-fiskmiðlunar á hvern þann sem kann að hafa undir höndum ofangreind hlutabréf að gefa sig fram við stjórn félagsins, Ráðhúsinu, Dalvík, innan þriggja mánaða frá síðari birtingu þessarar áskorunar. Gefi enginn sig fram áður en frestur er liðinn skoðast framangreind hlutabréf ógild og skulu öll réttindi á hendur félaginu samkvæmt þeim falla niður og ný hlutabréf gefin út til viðkom-andi aðila í þeirra stað.

Dalvík, 2. desember 2003.
F.h. stjórnar Sölku-fiskmiðlunar hf.,
Hilmar Danielsson framkvæmdastjóri.

(14833 a

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 19. nóvember 2003, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrota-búinu.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreind-ur við nafn búsins.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Eyco ehf., kt. 621092-2359, Sólvöllum 1, Akureyri (lögh.), Mosateigi 11, Akureyri (aðsetur)	3. október 2003	föstudaginn 27. febrúar 2004 kl. 11.00

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skrifstofu skipta-stjóra að Ráðhústorgi 3, pósthólf 271, 602 Akur-eyri.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúsins,

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Túnbrekka 7, Snæfellsbæ 14813)	Heiðrún Hulda Jónasdóttir og Íbúðalánasjóður	Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	59.931
Víkingur SH-103, sknr. 1561 14814)	Keflavíkurbjarg ehf.	Innheimtumaður ríkissjóðs	41.969
Þverá, hluti, Eyja- og Miklaholtshreppi 14815)	Jón Þór Þorleifsson	Tollstjóraembættið	1.922.446
Þvervegur 4 14816)	Þórður Sigurbjörn Magnússon	Byggðastofnun	1.890.804
Stykkishólmi, 1. desember 2003. Sýslumaður Snæfellinga, Ólafur K. Ólafsson .			

verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra á ofan-greindum tíma.

Skrár yfir lýstar kröfur í þrotabúið mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Akureyri, 24. nóvember 2003.
Ingvar Þóroddsson hdl.

(14247 b

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands vestra, uppkveðnum 24. nóvember 2003, voru neðan-greind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreind-ur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Myndheimar ehf., kt. 480299-2219, Aðalgötu 10b, Sauðárkróki	25. júlí 2003	fimmtudaginn 4. mars 2004 kl. 10.00

(14361 b

Jón Geirmundsson kt. 160756-2339 Ægisstíg 5, Sauðárkróki	22. sept. 2003	fimmtudaginn 4. mars 2004 kl. 11.00
---	----------------	-------------------------------------

(14362 b

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúun-um, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skrifstofu skipta-stjóra að Ráðhústorgi 3, pósthólf 271, 602 Akur-eyri.

Skiptafundir til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúanna, verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra á ofan-greindum tímum.

Skrár yfir lýstar kröfur í þrotabúin munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundina.

Akureyri, 26. nóvember 2003.
Ingvar Þóroddsson hdl.

Á félagsfundum sem haldnir voru þann 11. september 2003 í neðangreindu félagi, var sam-þykkt samhljóða af félagsaðilum að slíta sam-tökunum og var skipuð til þess skilanefnd í sam-ræmi við samþykktir.

Á fundi skilanefndar þann 18. nóvember 2003 var ákveðið að gefa út innköllun til hugsanlegra kröfuhafa.

Nafn hlutafélags:	Fundur:
Sölusamtök lagmetis, kt. 450189-1489	Þriðjudaginn 24. febrúar 2004 kl. 10.00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur félaginu,

eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-um fyrir skilanefnd samtakanna innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar Kristni Bjarnasyni hrl., Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

Fundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum samtakanna verður haldinn á ofangreindum tíma á skrifstofu undirritaðs lögmanns að Lágmúla 7, Reykjavík.

Reykjavík, 19. nóvember 2003.
F.h. skilanefndar,
Kristinn Bjarnason hrl.

(14404 b

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands upp-kveðnum þann 13. nóvember 2003 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúunum.

Frestdagur við skiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Hraðbúð Nesja ehf., kt. 410601-2570, Hafnamesi 1, Höfn	11. sept. 2003	föstudaginn 20. febrúar 2004 kl. 10.30

(14405 b

Múrsmiðjan Hornsteinn ehf., kt. 531198-2399 Egilsbraut 25, Neskupastað	15. sept. 2003	föstudaginn 20. febrúar 2004 kl. 11.30
--	----------------	--

(14406 b

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúunum, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.

Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Lyngási 5-7, 700 Egilsstöðum.

Skiptafundir til þess að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúanna, verða haldnir á skrifstofu skipta-stjóra að Lyngási 5-7 á Egilsstöðum á framan-greindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu vikuna fyrir skiptafundina.

Egilsstöðum, 26. nóvember 2003.
Bjarni G. Björgvinsson hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, upp-kveðnum 19. nóvember 2003, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreind-ur við nafn búsins.

Nafn bús: **Frestdagur:** **Skiptafundur:**
GB-föt ehf., 24. sept. 2003 þriðjudaginn
kt. 460254-0199, 24. febrúar 2004
Austurvegi 3-5, Selfossi kl. 9.00

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framan­greindu þrotabúi, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skipta­stjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skrifstofu skipta­stjóra að Austurvegi 6, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúsins, verður haldinn á skrifstofu skipta­stjóra að Austurvegi 6, Selfossi, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á skiptafundinum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúið mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síð­ustu viku fyrir skiptafundinn.

Selfossi, 28. nóvember 2003.
Óskar Sigurðsson hdl.,
skiptastjóri.

(14651 b

Eftirtal­dar sparisjóðsbækur við Kaupþing Búnaðarbanka hf. og útibú hans eru glataðar:

Aðalbanki: nr. 200665 og 255255.
Austurbær: nr. 217252 og 806073.
Stykkishólmur: nr. 818400.
Hveragerði: nr. 829057.
Garðabær: nr. 4000, 200564 og 838000.
Kringlan: nr. 7481 og 10724.

Samkvæmt 49. gr. laga nr. 113/1996 er hér með skorað á handhafa nefndra sparisjóðsbóka að segja til sín innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu þessarar auglýsingar.

Reykjavík, 25. nóvember 2003.
Kaupþing Búnaðarbanki hf.,
Ásta Ósk Stefánsdóttir.
Sigríður Stefánsdóttir.

(14377 c

Skiptafundir

Skiptafundir verða haldnir í eftirtöldum þrotabúum á skrifstofu skiptastjóra að Tjarnar­götu 2, 3. hæð, Keflavík, á neðangreindum tím­um. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búunum í síðasta lagi á skiptafundunum verður skiptum lokið á þeim skv. 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús: AK ehf., kt. 440898-2469	Skiptafundur: mánudaginn 22. desember 2003 kl. 9.00
Efnaco ehf., kt. 700693-2609	mánudaginn 22. desember 2003 kl. 9.30
Gunnar Breiðfjörð, kt. 011249-4859	mánudaginn 22. desember 2003 kl. 10.00
Jónheiður Gunnbjörnsdóttir, kt. 140169-4989	mánudaginn 22. desember 2003 kl. 10.30
Kóngsbakki ehf., kt. 450490-1489	mánudaginn 22. desember 2003 kl. 11.00
Pétur Ingason, kt. 011265-3089	mánudaginn 22. desember 2003 kl. 13.30

Rafverk ehf.,
kt. 500271-0199

mánudaginn
22. desember 2003
kl. 14.00

(14779

Þorkell Kristján Guðgeirsson,
kt. 280462-2339

mánudaginn
22. desember 2003
kl. 14.30

(14780

Keflavík, 1. desember 2003.
Ásgeir Jónsson hdl.,
skiptastjóri.

Skiptafundur í neðangreindu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Aðalstræti 24, 3. hæð, Ísafirði á neðangreindum tíma.

Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hags­muna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grund­velli frumvarpsins, sem verður þar með úthlut­unargerð úr þrotabúinu.

Nafn bús: **Skiptafundur:**
Vöruflutningar Hjartar þriðjudaginn
Sigurðssonar ehf., 30. desember 2003
kt. 670591-1239, kl. 10.00
Hjöllum 7, Patreksfirði

Ísafirði, 28. nóvember 2003.
Björn Jóhannesson hdl.

(14832

Skiptalok

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum á neðangreindum dögum voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í viðkom­andi þrotabúi.

Óverulegar eignir fundust í búunum, sem gengu upp í skiptakostnað og var skiptum því lokið á neðangreindum dögum samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur auk áfallandi vaxta og kost­naðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Úrskurðard.	Skiptalok:	Fjárhæð
	gjaldþrsk.:		lýstra
			krafna kr.:
H-myndir ehf., kt. 680290-1059, Sætuíni 8, Reykjavík	4. des. 2002	21. nóv. 2003	85.687.536
			(14373
Expression á Íslandi ehf., kt. 490500-2190, Kvisthaga 4, Reykjavík	18. des. 2002	24. nóv. 2003	6.438.625
			(14374

Reykjavík, 24. nóvember 2003.
Skúli Bjarnason hrl.,
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, upp­kveðnum 8. ágúst 2003 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Fjárhæð lýstra
	krafna kr.:
Jaðar ehf., kt. 570594-2659, Gróðurmörk 1, Hveragerði	8.770.740
Hveragerði, 24. nóvember 2003. Andrés Valdimarsson hrl.	
	(14376

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness 8. desember 2000 var neðangreint bú tekið til

gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Skiptum lauk í dag með úthlutunargerð úr þrotabúinu. Ekkert fékkst greitt upp í eftirstöðv­ar veðkrafna, forgangskrafna, almennra krafna eða eftirstæðra. Lýstar kröfur í þrotabúið námu samtals kr. 75.745.395.

Nafn bús: **Úthlutun:**
Marhamar ehf., 717.259 kr. eða
kt. 621099-2219, 1,03 hundraðshlutar
Hlíðargötu 22, Sandgerði greiddust upp í veðkröfur
skv. 111. gr. l. nr. 21/1991

Hafnarfirði, 25. nóvember 2003.
Ingi H. Sigurðsson hdl.,
skiptastjóri.

(14437

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða upp­kveðnum 1. nóvember 2002 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undir­ritaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Engar eignir fundust í búinu og lauk skiptum á skiptafundi í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Fjárhæð lýstra
	krafna kr.:
Vestmark ehf., kt. 701274-0169, Eyrargötu 2-4, Ísafirði	17.420.122
Reykjavík, 21. nóvember 2003. Þorsteinn Einarsson hrl., skiptastjóri.	
	(14438

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp­kveðnum þann 31. maí 2000, var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undir­ritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið í dag, samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sem samtals voru að fjárhæð kr. 8.119.935, auk krafna í erlendri mynt að fjárhæð FRF 105.150 og ESP 57.538, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Fjárhæð lýstra
	krafna:
Bjarma Didriksen, kt. 011252-7379, Nökkvavogi 42, Reykjavík	Ísl. kr.: 8.119.935 FRF: 105.150 ESP: 57.538
Reykjavík, 24. nóvember 2003. Kjartan Norðdahl hdl., skiptastjóri.	
	(14439

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 20. janúar 2003, voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undir­ritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúunum.

Engar eignir fundust í þrotabúunum og var skiptum lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Fjárhæð lýstra
	krafna kr.:
Simver ehf., kt. 600201-2040	17.306.590
	(14440
Adlib á Íslandi ehf., kt. 660301-3480	21.266.766
	(14441

Reykjavík, 27. nóvember 2003.
Garðar Briem hrl.,
e.u. **Einar Jónsson** hdl.

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 25. september 2002, voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undir­ritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúunum.

Óverulegar eignir fundust í fyrrnefnda búinu og var skiptum á því lokið í dag með tilvísun til 1. mgr. 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að nokkuð greiddist upp í lýstar kröfur.

Engar eignir fundust í síðarnefnda búinu og var skiptum á því lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Fjárhæð lýstra krafna kr.:
Laxinn ehf., kt. 590340-0149, Laxalóni v/Vesturlandsveg	24.565.534*
	(14455)
Íseta ehf., kt. 710398-2329, Sundaborg 7-9, Reykjavík	116.767.601**
	(14456)

* Þar af forgangskröfur kr. 865.275, almennar kröfur kr. 23.615.309 og eftirstæðar kröfur kr. 84.959.
** Þar af veðkröfur kr. 33.881.018, forgangskröfur kr. 331.993, almennar kröfur kr. 82.499.469 og eftirstæðar kröfur kr. 55.121.

Reykjavík, 27. nóvember 2003.
Jón G. Briem hrl.

Með úrskurðum héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum á neðangreindum dögum voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í viðkom-andi protabúum.

Engar eignir fundust í búunum og var skipt-um lokið þann 19. nóvember 2003 skv. 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Úrskurðard. gjaldþrsk.:	Fjárhæð lýstra krafna kr.:
X-ferðir hf., kt. 670297-2339, Austurvegi 22, Selfossi	8. ágúst 2003	39.159.680*
		(14822)
Eiríkur Rafn Magnússon, kt. 120252-2409, Háengi 6, Selfossi	1. sept. 2003	11.405.629**
		(14823)
Þórir Auðunn Gunnarsson, kt. 080467-4789, Ástjörn 5, Selfossi	1. sept. 2003	7.022.043***
		(14824)
* Þar af, forgangskröfur kr. 818.181, almennar kröfur kr. 38.229.892 og eftirstæðar kröfur kr. 111.607. ** Þar af, forgangskröfur kr. 121.070, almennar kröfur kr. 11.256.422 og eftirstæðar kröfur kr. 28.137. *** Þar af, forgangskröfur kr. 70.011, almennar kröfur kr. 6.917.871 og eftirstæðar kröfur kr. 34.161.		

Selfossi, 28. nóvember 2003.
Guðjón Ægir Sigurjónsson hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, upp-kveðnum 14. júlí 2003 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í viðkomandi protabúi.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum lokið þann 5. nóvember 2003 skv. 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Fjárhæð lýstra krafna kr.:
Skúli Már Gunnarsson, kt. 250971-4199, Álftarima 5, Selfossi	13.597.102

Endurbirt vegna villu.

Selfossi, 2. desember 2003.
Óskar Sigurðsson hdl.

Með úrskurðum héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum 9. júlí 2003 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í viðkomandi protabúum.

Engar eignir fundust í búunum og var skipt-um lokið þann 19. nóvember 2003 skv. 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Fjárhæð lýstra krafna kr.:
Guðmundur I. Sigurvinnss., kt. 251066-5909, Sambyggð 6, Þorlákshöfn	57.091.544*
	(14826)
Kristinn E. Gíslason, kt. 231257-2849, Egilsbraut 26, Þorlákshöfn	5.516.470**
	(14827)

* Þar af, almennar kröfur kr. 57.064.409 og eftirstæðar kröfur kr. 27.135.
** Þar af, forgangskröfur kr. 269.015, almennar kröfur kr. 5.238.701 og eftirstæðar kröfur kr. 8.754.

Selfossi, 28. nóvember 2003.
Óskar Sigurðsson hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra 21. júní 2002 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Skiptum lauk á skiptafundi 26. nóvember sl. með úthlutunargerð úr búinu.

Nafn bús:	Fjárhæð lýstra krafna kr.:
Lífafl ehf., kt. 520499-2109, Mið-Samtúni, 601 Akureyri	8.203.113 (forgangskröfur)* 1.498.379 (alm. kröfur)**

* Upp í forgangskröfur greiddust kr. 593.989 eða 7.2410%.
** Upp í almennar kröfur greiddist ekkert, né vexti og eftirstæðar kröfur.

Akureyri, 28. nóvember 2003.
Hreinn Pálsson hrl.

(14828)

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra 22. nóvember 2001 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undir-rituð skipuð skiptastjóri í búinu.

